

Minnisblað

Mál: Erindi FH um niðurfellingu á fasteigna og lóðarleigu vegna Dvergsins (knatthús)

Til: Bæjarráðs

Frá: Ívari Bragasyni lögmanni á stjórnslusviði

Dags: 4. júlí 2018

Fyrir liggur erindi frá Fimleikafélagi Hafnarfjarðar (FH), dags. 16. apríl sl., þar sem óskað er eftir niðurfellingu á fasteignaskatti og lóðarleigu vegna fasteignarinnar 235-4357 Kaplakriki 121342 (knatthúsið Dvergurinn) fyrir árin 2016, 2017 og 2018. Samkvæmt erindinu er húsið í eigu FH-knatthúsa ehf. sem er alfarið í eigu FH og knattspyrnudeildar félagsins til helminga. Knatthúsið er notað til æfinga fyrir yngri flokka starf knattspyrnudeildar FH.

Um álagningu fasteignaskatts er fjallað í II. kafla laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laganna er sveitarstjórn heimilt að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts af fasteignum þar sem fram fer starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni, svo sem íþrótt-, æskulýðs- og tómstundastarfsemi. Samkvæmt ákvæðinu er sveitarstjórn skylt að setja reglur um beitingu þessarar heimildar og eru slíkar reglur í gildi, *Reglur um styrki til greiðslu fasteignaskatts til félaga og félagasamtaka skv. 2. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995*, sem samþykktar voru í bæjarstjórn 5. desember 2012. Í reglunum er staðfest sú heimild að veita styrki til greiðslu fasteignaskatts meðal annars af þeim fasteignum sem vísað er til hér að framan. Samkvæmt 3. gr. reglnanna skal slíkur styrkur nema álögðum fasteignaskatti. Hér skal einnig tekið fram að samkvæmt 4. gr. reglnanna er bæjarráði heimilt að fela fjármálastjóra fullnaðarafgreiðslu slíkra mála ef þau varða ekki fjárhag sveitarfélagsins umfram það sem kveðið er á um í fjárhagsáætlun hvers árs.

Hér skal jafnframt vísað til b. liðar 1. tl. 6. gr. í *Samstarfssamningi Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH, um uppbyggingu, rekstur, viðhald og afnot af íþróttamannvirkjum í Hafnarfirði* frá 21. febrúar 2008, en þar er gert ráð fyrir að bærinn styrki íþróttafélög, meðal annars með því sem nemur álagðri lóðarleigu og fasteignaskatti íþróttamannvirkja þeirra.

Fyrir liggur að í knatthúsinu Dvergnum fer fram starfsemi sem ekki er rekin í ágóðaskyni og eru því ofangreind skilyrði fyrir slíkum styrki uppfyllt hvað það varðar. Einnig verður að telja önnur skilyrði til styrkveitingar, sbr. 2. gr. reglnanna, vera uppfyllt.

Að virtu öllu ofangreindu verður að telja öll skilyrði fyrir því að fallist verði á erindi FH, um niðurfellingu á fasteignaskatti og lóðarleigu vegna umræddrar fasteignar, vera uppfyllt.